

## AUGLÝSING

### um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, og fjárlög fyrir árið 2021 hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

- a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**
- |   |                 |
|---|-----------------|
| á veitusvæði HS Veitna                      | 6,32 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli | 8,81 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli  | 6,72 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli              | 8,53 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli               | 5,66 kr./kWst., |
| á veitusvæði Veitna ohf.                    | 5,95 kr./kWst., |
| á veitusvæði Norðurorku                     | 5,98 kr./kWst.  |
- b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum, frá 1. mars 2021:**
- |                   |   |
|-------------------|---|
| RARIK             | 4,46 kr./kWst.,                             |
| Orkubú Vestfjarða | 4,77 kr./kWst.,                             |
| HS Veitur         | 147,80 kr./m <sup>3</sup> (3,27 kr./kWst.). |
- c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**  
Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.
- d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**  
Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2021, hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m<sup>3</sup>/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Auglýsing þessi tók gildi 1. febrúar 2021, nema liður b) niðurgreiðslur á vatni frá kyntum hitaveitum, sem tók gildi 1. mars 2021.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. mars 2021.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Ingvi Már Pálsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*